



Skýrsla sveitarstjóra. Janúar- febrúar 2019 Helstu viðfangsefni

## Framkvæmdir

Snjóbræðslulagnir við félagsheimilið Árnes eru ekki enn komnar í gagnið. Það verður gert á næstu dögum. Nesejarmenn voru tilbúnir í lagnaframkvæmdir í Bugðugerði áður en harðindi skullu á. Þegar veðráttan batnar munu þeir fara í það. Veglegar girðingar voru settar upp á gámasvæðunum fyrir jól

Reiknað er með að skýrslu frá Verkís um endurbætur Skeiðalaugar liggi fyrir á sveitarstjórnarfundi 20. Febrúar nk.

## Starfsmannamál

Tveir sóttu um starf forstöðumanns Þjónustumiðstöðvar. Tekin verða viðtöl við þá á næstu dögum.

Auglýsa þarf eftir kennara í Þjósárskóla vegna veikindaforfalla.

## Fjármál

Vinna við ársuppgjör 2018 er hafin og hafa endurskoðendur tekið tvo vinnufundi með okkur Dúddu. Í besta falli gæti ársreikningur orðið tilbúinn á seinni fundi marsmánaðar. Fasteignagjöld hafa verið lögð á og er fyrsti eindagi þeirra 1 mars. nk. Það er ávallt ákveðinn léttir þegar þau fara að koma í kassann á ný.

## Lóðamál – byggingar

Mikið er spurt um lóðir og stefnir í að sveitarfélagið þurfi að ráðast í að skipuleggja og stofna fleiri lóðir til úthlutunar á næstunni. Sumar líðir í Árneshverfi kalla á að þeim verði breytt úr einbýlishúsalóðum í þrjú og eða raðhúsalóðir.

## Persónuverndarlöggjöf

Þau mál eru að ég tel í góðum farvegi. Við erum að meðtaka hvað löggjöfin þýðir fyrir okkur. Það er ekki síst mikilvægt að skólastjórnendurnir séu vel á vaktinni hvað það varðar.

## Skjalavistun

Það gengur frekar rólega að ljúka við innleiðingu skjalavistunarkerfisins GoPro. En það verður keppt við að koma því almennilega í gagnið innan fárra vikna.

## Íbúar

Fjöldi íbúa um 1. febrúar sl. var 625. Það hefur verið að fækka talsvert síðustu mánuði í sveitarfélaginu. Fyrst og fremst er það vegna fækkunar erlendra starfsmanna í Búrfelli 2. Það munu vera örfáir enn skráðir þar.

Það er sérstaklega ánægjulegt að sjá að það fæddust 10 börn hér í hreppnum á árinu 2018. Það segir okkur að árgangur 2018 verður óvenju fjölmennur.

Kristófer Tómasson sveitarstjóri